

*Félags- og  
tryggingamálaráðuneyti*

*Minnisblað*

Viðtakandi: **Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Félags- og tryggingamálaráðuneytið**  
Dagsetning: **27.10.2008**  
Málsnúmer: **FEL08100024**  
Bréfalykill: **411**

Efni: Viðbrögð vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði

**1. Inngangur**

Í minnisblaði þessu er lagt fram yfirlit yfir helstu verkefni félags- og tryggingamálaráðuneytisins vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Ítarlegar verður gerð grein fyrir efni og innihaldi einstakra aðgerða á fundi með félags- og tryggingamálanefnd í dag, 27. október.

**2. Almennar aðgerðir**

- Félags- og tryggingamálaráðuneytið setti þann 9. október sl. á fót samræmt þjónustu- og upplýsinganet vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði og grænt símanúmer sjá. forsíðu þjónustu- og vefsvæðisins í hjál. möppu. Þúsundir einstaklinga leita upplýsinga á þjónustunetinu dag hvern og hafa jafnframt samband í gegnum netspjall félags- og tryggingamálaráðuneytisins og stofnana þess auk þess sem fjölmargir hringja daglega og leita upplýsinga. Upplýsingar á þjónustunetinu eru uppfærðar daglega og netið er nú tengt við upplýsingamiðstöð sem staðsett er í utanríkisráðuneytinu og vefsíður allra ráðuneyta, stofnana og helstu netmiðla.
- Reglulegir fundir eru haldnir með fulltrúum þeirra stofnana ráðuneytisins sem veita einstaklingum þjónustu s.s. Vinnumálastofnun, Íbúðalánasjóði, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og Barnaverndastofu. Unnið hefur verið yfirlit yfir net þjónustu sem veitt er um land allt m.a. í samvinnu við sveitarfélög og félagsmálstjóra. Jafnframt hafa fjölmargar stofnanir, frjáls félagasamtök og einstaklingar boðið fram þjónustu sína og heldur ráðuneytið yfirlit yfir hana og hefur reglulega samband við þessa aðila. Fyrir liggur að margir eru í viðbragðsstöðu.
- Reglulegir fundir eru haldnir í félags- og tryggingamálaráðuneytinu með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, SA og ASÍ, og Vinnumálastofnun og þegar hafa verið unnar tillögur um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að efla upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna hér á landi. Fylgst er með þróun vinnumarkaðar frá degi til dags.
- Reglulegir fundir eru haldnir í félags- og tryggingamálaráðuneytinu með fulltrúum Íbúðalánasjóðs vegna heimildar sjóðsins til yfirtöku á húsnæðislánnum. Þegar liggur fyrir reglugerð um aðferðir við yfirtöku Íbúðalánasjóðs á húsnæðislánnum frá öðrum lánastofnunum. Fylgst er með þróun mála á húsnæðislánmarkaði frá degi til dags.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur fundað með fulltrúum annarra ráðuneyta um afmörkuð málefni s.s. viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Þá situr ráðuneytisstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytisins í starfshópi sem Ásmundur Stefánsson, ríkissáttasemjari, stýrir f.h. forsætisráðherra.

- Aðstoðarmaður ráðherra stýrir fimm manna vinnuhópi sem fjallar um og fylgir eftir margvíslegum verkefnum tengdum þeim aðstæðum sem nú eru uppi og viðbrögðum við þeim, m.a. í fjármálastofnunum.
- Daglegir fundir eru haldnir með öllum starfsmönnum kl. 9.30 á hverjum morgni í félags- og tryggingamálaráðuneytinu þar sem farið er yfir stöðu mála og verkefni dagsins í ljósi aðstæðna.

### 3. Afmörkuð verkefni/aðgerðir

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur átt frumkvæði að eða tekið þátt í eftirfarandi verkefnum/aðgerðum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði:

- Þjónusta Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hefur verið eflað og samstarf stofnunarinnar við utanaðkomandi aðila aukið.
- Öðrum stofnunum félags- og tryggingamálaráðuneytisins hefur verið falið að endurskoða vinnubrögð í ljósi aðstæðna.
- Vinnuáætlun hefur eflt þjónustu sína umtalsvert og breytt áherslum í ljósi þeirra aðstæðna sem upp eru komnar.
- Samráðshópur ráðuneytisins, Vinnuáætlunar og SA og ASÍ hefur lagt til breytingar á greiðslum atvinnuleysistryggingabóta til þess að koma á mótis við fyrirtæki og launþega og sporna gegn atvinnuleysi.
- Vinnuefirlit ríkisins býður fyrirtækjum ráðgjöf og námskeið í ljósi þeirra aðstæðna sem upp eru komnar.
- Ráðuneytið og Barnaverndastofa hafa staðið að yfirlýsingu um velferð barna sem hefur verið kynnt víða.
- Úrræði Íbúðalánasjóðs vegna greiðsluvanda lántakenda hafa verið eflað og verða eflað enn frekar.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur átt frumkvæði að því að kalla saman fulltrúa viðskiptaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins vegna frumvarps til laga um greiðsluáðlögun. Starfshópurinn vinnur að smíði nýrra lagaákvæða um greiðsluáðlögun.
- Tilmæli hafa verið send til annarra fjármálastofnana um að beita hliðstæðum úrræðum og Íbúðalánasjóður hefur yfir að ráða vegna greiðsluvanda.
- Lagafrumvarp sem fellir tímabundið niður stimpilgjöld af skilmálabreytingum og skuldbreytingalánnum af íbúðahúsnæðisveðlánnum verður lagt fyrir Alþingi.
- Lagafrumvarp sem heimilir að lenging lána og skuldbreytingalán vegna vanskila hjá Íbúðalánasjóði geti orðið til 30 ára í stað 15 ára verður lagt fyrir Alþingi.
- Félags- og tryggingamálaráðherra hefur í dag skipað fimm manna sérfræðingahóp sem falið hefur verið að skoða hvort og þá hvaða leiðir séu færar til að bregðast við vanda lántakenda vegna verðtryggingar. Hópurinn skipa:
  - Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur, og framkvæmdastjóri ASÍ, sem jafnframt er formaður,
  - Þorkell Helgason, stærðfræðingur
  - Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur
  - Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur

**Suppose that the following hypotheses are true:**



Upplýsingar vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði

Sett hefur verið á fót nýtt samræmt þjónustu- og upplýsinganet vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði sem felur í sér nýtt vefsvæði, upplýsingamiðstöð fyrir almenning, fyrirtæki og fjölmiðla og netspjall.

Á hinu nýja þjónustuneti er að finna tengingar og helstu upplýsingar um stöðu mála og margvíslega upplýsingaþjónustu og ráðgjöf sem í boði er á vettvangi ráðuneyta og stofnana.

Grænt  
símanúmer

800 1190

Hægt er að ná sambandi við **upplýsingamiðstöðina** í síma 545 8950 eða í grænu símanúmeri 800 1190 milli 8 og 22 alla virka daga. Símtöl í græna númerið eru endurgjaldslaus. Einnig er hægt að beina fyrirspurnum til miðstöðvarinnar í tölvupósti á netfangið: **midstod@mfa.is**.

- Spurt og svarað á vef Íbúðalánasjóðs
- Spurt og svarað á vef Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta
- Spurt og svarað á vef Ráðgjafarstofu
- Spurt og svarað á vef Glitnis
- Spurt og svarað á vef Kaupþings
- Spurt og svarað á vef Landsbankans
- Um efnahagsþrengingar á vef ASÍ

- Atvinnumál
- Húsnæðismál
- Greiðsluferfiðleikar
- Upplýsingar fyrir útlendinga (English/Polski)
- Fjármál
- Börn og fjölskyldur
- Félagsþjónusta sveitarfélaga
- Frjáls félagasamtök

- Aðgerðir til að sporna við atvinnuleysi
- Samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn - mikilvægt skref í rétta átt
- Beiðni um upplýsingar frá Íslendingum um ósanngjarna meðferð erlendis
- Frysting erlendra lána
- Félagsþjónustur sveitarfélaganna veita félagslega ráðgjöf
- Aðstoð við Íslendinga erlendis vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði
- Aðgerðum hraðað vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaga
- Lífeyrisþegar erlendis - greiðslur á leiðinni
- Þjónusta Ráðgjafarstofu efld vegna greiðsluvanda heimila
- Aðgerðaáætlanir sveitarfélaga

Félags- og tryggingamálaráðuneytið - Hafnarhúsinu við Tryggvögötu - 150 Reykjavík (Sjá kort)  
Kt. 540169-4119 - Sími: 545 8100 - Bréfasími: 552 4804 - Netfang: [postur@fel.stjr.is](mailto:postur@fel.stjr.is) - Aðgengisstefna



## Nýtt samræmt þjónustu- og vefsvæði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði

9.10.2008

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur sett á fót samræmt þjónustunet vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði til að auðvelda fólki aðgang að upplýsingum, nýtt vefsvæði, grænt símanúmer, fyrirsprunálínu og netspjall.

Á þjónustunetinu er að finna vefsvæði með yfirliti yfir stofnanir og samtök sem veitt geta mikilvægar upplýsingar, leiðbeiningar og ráðgjöf. Upplýsingarviðin hafa verið sett upp í sex flokka: Atvinnumál, húsnæðismál, greiðsluerfiðleikar, fjármál, útlendingar á Íslandi og börn og fjölskyldur.

- Þjónustuvefinn má finna á slóðinni [felagsmalaraduneyti.is/upplýsingar](http://felagsmalaraduneyti.is/upplýsingar)

Grænt símanúmer ráðuneytisins hefur einnig verið tekið í notkun: 800 1190. Símtöl í númerið eru endurgjaldslaus og þaðan má fá beint samband við stofnanir sem veita upplýsingar vegna húsnæðislána, greiðsluerfiðleika, Tryggingasjóðs innstæðueigenda og atvinnuleitar eða atvinnuleysis.

Fyrirsprunálína hefur verið virkjuð og getur fólk sent félags- og tryggingamálaráðuneytinu fyrirsprunir um hvaðeina sem viðkemur þessum sérstöku aðstæðum á fjármálamarkaði.

„Ég vil þakka fyrir framlag fjölmargra nú síðustu daga. Mörg samtök og einstaklingar með mikla reynslu hafa boðið fram þjónustu sína og það er dýrmætt að finna samtakamáttinn meðal þjóðarinnar. Við munum nú næstu daga greina hvar álagið er mest og bregðast við með aukinni þjónustu dag frá degi. Fyrir liggur að þegar hefur orðið vart við aukið álag á Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og ég hef ákveðið að styrkja starfsemi þeirrar þjónustu strax. Viðskiptaráðuneytið hefur sett upp sérstakt upplýsingasvæði um réttindi í tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta og heilbrigðisráðuneytið hefur unnið að eflingu þjónustu heilbrigðisstarfsmanna en afar mikilvægt er að slík þjónusta sé nú mjög aðgengileg. Síðast en ekki síst vil ég nefna að Íbúðalánasjóður mun efla upplýsingagjöf og ráðgjöf og ég bendi sérstaklega á vef sjóðsins þar sem þegar hafa verið sett fram svör við algengum spurningum. Ég hvet almenning til þess að nýta sér þessa þjónustu og leita svara og ráðgjafar um leið og spurningar vakna. Við erum til þjónustu reiðubúin“, sagði Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra þegar hið nýja vefsvæði var opnað.

Bent skal á að Vinnueftirlitið mun bjóða upp á fræðsluefni til vinnustaða og starfsmanna og stutt námskeið um sálfélagslegt vinnumhverfi og jafnframt huga sérstaklega að upplýsingum til erlendra starfsmanna. Þá hefur Fjölmenningarsetur sett fram upplýsingar um stöðu mála á erlendum tungumálum og Barnaverndarstofa hefur ásamt samstarfsaðilum komið á framfæri gátlista um það sem hafa skal í huga gagnvart börnum og ungmennum við þær aðstæður sem nú eru uppi.



## Sameiginleg yfirlýsing um velferð barna

8.10.2008

### Hugum að velferð barna.

Íslendingar standa nú á miklum tímamótum sem hafa viðtæk áhrif á unga sem aldna. Mikilvægt er að huga sérstaklega að velferð barna og unglinga á þessum tímum.

Höfum eftirfarandi í huga:

- Jákvæð samvera barna með fjölskyldunni skapar öryggi.
- Börnin þurfa að finna að á þau sé hlustað og að þeirra nánustu séu ekki í hættu
- Höldum fjölskylduvenjum og festu þó að mikið gangi á í samfélaginu.
- Notum matartíma fjölskyldunnar til að sinna þörfum barnanna fyrir jákvæða athygli.
- Ræðum á yfirvegaðan hátt að fjármálakreppan er tímabundin.
- Útskýrum fyrir börnunum að framtíðin er björt þótt á móti blási í dag.
- Verum góð fyrirmynd þegar kemur að vanda og lausnum.
- Styðjum börnin til þess að takast á við mótlæti á uppbyggjandi hátt
- Hlúum vel að þeim sem okkur þykir vænt um

Verum þess minnug að hér er um tímabundna erfiðleika að ræða sem við Íslendingar munum vinna okkur í gegnum. Miklu máli skiptir að við tökumst á við þessa erfiðleika þannig að við byggjum á styrkleikum okkar og leggjum áherslu á baráttugleði, bjartsýni og samkennd.

Heilbrigðisráðuneytið  
Menntamálaráðuneytið  
Félags- og tryggingamálaráðuneytið  
Barnaverndarstofa  
Landlæknir  
Lýðheilsustöð  
Umboðsmaður barna  
BUGL/LSH  
Vinnueftirlit ríkisins

---

Félags- og tryggingamálaráðuneytið - Hafnarhúsinu við Tryggvagötu - 150 Reykjavík (*Sjá kort*)  
Kt. 540169-4119 - Sími: 545 8100 - Bréfasími: 552 4804 - Netfang: [postur@fel.stjr.is](mailto:postur@fel.stjr.is) - *Aðgengisstefna*



## Úrræði Íbúðalánasjóðs fyrir heimili í greiðsluvanda eflid

15.10.2008

Félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, hefur með reglugerðarbreytingu rýmkað heimildir **Íbúðalánasjóðs** til að koma til móts við lántakendur sem lenda í greiðsluvanda.

Íbúðalánasjóður hefur jafnframt mildað innheimtuaðgerðir stofnunarinnar með tilliti til ástands efnahagsmála.

Frestur frá gjalddaga til sendingu greiðsluáskorunar verður framvegis fjórir til fjórir og hálfur mánuður frá elsta ógreidda gjalddaga í stað tveggja til tveggja og hálfmánaðar áður. Heimilt er að afturkalla nauðungarsölu gegn greiðslu þriðjungs vanskila í stað helmings vanskila áður og rýmingarferli uppboðsíbúða hefur verið lengt úr einum mánuði í þrjá mánuði. Þá hafa heimildir til greiðslufrestunar vegna sölutregðu á eldri íbúð verið rýmkaðar verulega. Íbúðalánasjóði bætist einnig það úrræði að lántakendur eigi val um að greiða eingöngu vexti og verðbætur af vöxtum í tiltekinn tíma, leiði það til lausnar á vandanum.

Umræddar heimildir koma til viðbótar eldri úrræðum, skuldbreytingum vanskila, lengingu lána og frýstingu afborgana (höfuðstól, verðbótum og vöxtum) um allt að þrjú ár.

Úrræði Íbúðalánasjóðs vegna greiðsluvanda lántakenda eiga við, hvort sem lánin eru í innlendri eða erlendri mynt, svo fremi að lánin heyri undir Íbúðalánasjóð.

Auk þeirra ákvarðana sem hér hefur verið lýst og hafa þegar tekið gildi mun félags- og tryggingamálaráðherra leggja fram á Alþingi frumvarp til laga sem heimilar Íbúðalánasjóði að lengja lán viðskiptavina sinna um allt að 30 ár í stað 15 ára áður og jafnframt að veita skuldbreytingarlán vegna greiðsluferfiðleika til allt að 30 ára í stað 15 ára áður. Einnig verða útfærðar reglur vegna mögulegrar útleigu Íbúðalánasjóðs á því húsnæði sem stofnunin kann að eignast á nauðungaruppboðum til fyrri íbúa, hvort sem um er að ræða húsnæði í eigu einstaklinga eða leigufélaga. Slík leiga yrði ávallt í takmarkaðan tíma í samræmi við hagsmuni beggja aðila.

---

Félags- og tryggingamálaráðuneytið - Hafnarhúsinu við Tryggvagötu - 150 Reykjavík (**Sjá kort**)

Kt. 540169-4119 - Sími: 545 8100 - Bréfasími: 552 4804 - Netfang: **postur@fel.stjr.is** - **Aðgengisstefna**



## Þjónusta Ráðgjafarstofu eflid vegna greiðsluvanda heimila

16.10.2008

Í samræmi við tilmæli félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, og samkomulags félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Íbúðalánasjóðs og Reykjavíkurborgar hefur verið ákveðið að auka þjónustu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna vegna núverandi aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar. Fjármagn hefur verið tryggt til að efla þjónustuna.

Það er verkefni Ráðgjafarstofu að aðstoða þá sem eiga í greiðsluferfiðleikum og er verið að mæta aukinni eftirspurn eftir þjónustu hennar. Starfsmönnum verður fjölgað af þessu tilefni og opnunartími lengdur. Samstarf verður eflt við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar um þjónustu. Í framhaldinu er verið að kanna frekari leiðir til að efla og styrkja þjónustuna almennt og á vettvangi sveitarfélaga við þá sem eiga í greiðsluferfiðleikum.

Símanúmer Ráðgjafarstofunnar er 551 4485. Símaráðgjöf er á opnunartíma og einnig netspjallið á heimasíðu Ráðgjafarstofu: [www.rad.is](http://www.rad.is)

Íbúar á landsbyggðinni geta sent inn umsóknir og eru þær afgreiddar og sendar til baka. Ráðgjafi er einnig á Akureyri tvisvar í mánuði og er bókunarsími þar 460 1420.

---

Félags- og tryggingamálaráðuneytið - Hafnarhúsinu við Tryggvagötu - 150 Reykjavík (Sjá kort)  
Kt. 540169-4119 - Sími: 545 8100 - Bréfasími: 552 4804 - Netfang: [postur@fel.stjr.is](mailto:postur@fel.stjr.is) - Aðgengisstefna





## Brýn þörf fyrir öflugt vinnuverndarstarf

21.10.2008

Þau áföll sem ríðið hafa yfir þjóðina á síðustu vikum hafa skapað ríkari nauðsyn en ella til að huga sérstaklega vel að öflugum vinnuverndarstarfi. Þetta kom fram í ávarpi Jóhönnu Sigurðardóttur, félags- og tryggingamálaráðherra, sem aðstoðarmaður hennar, Hrannar Björn Arnarsson, flutti fyrir hennar hönd við upphaf vinnuverndarviku sem sett var í dag. Ráðherra beindi þeim eindregnu tilmælum til atvinnurekenda að sýna starfsfólki mikla tillitssemi við þær aðstæður sem nú hefðu skapast þar sem fjölmörgum hefði þegar verið sagt upp vinnunni og gera yrði ráð fyrir að fleiri muni bætast í þann hóp.

Fram kom í ávarpinu að skráð vinnuslys á Íslandi voru tæplega 1.500 árið 2007 en í reynd væru slysin enn fleiri. Þá hefði dauðaslysum fjölgað og væru erlendir starfsmenn fórnarlömb þeirra að stórum hluta. Á hverju ári deyja 167.000 manns í aðildarríkjum Evrópusambandsins í vinnuslysum eða af sjúkdómum sem rekja má til aðstæðna í vinnuumhverfinu. Árlega eru meira en sjö milljónir manna í ríkjum Evrópusambandsins frá vinnu í þrjá daga eða lengur sökum vinnuslysa.

„Það liggur í augum uppi að gífurlegir samfélagslegir hagsmunir felast í því að draga úr mannlegri þjáningu sem og fjarvistum frá vinnu vegna slysa eða atvinnusjúkdóma“, sagði ráðherra og lagði áherslu á að atvinnurekendur ræktu vel þá skyldu sína að framkvæma mat á áhættuþáttum í vinnuumhverfi starfsmanna sem geta haft áhrif á heilsu þeirra eða stofnað lífi þeirra og limum í hættu. Ráðherra benti jafnframt á að þótt ábyrgð á áhættumati hvíldi á herðum atvinnurekenda ætti þetta að vera sameiginlegt viðfangsefni þeirra og samtaka launafólks.

**www. Ávarp félags- og tryggingamálaráðherra við upphaf vinnuverndarviku 2008**



## Aðgerðir til að sporna við atvinnuleysi

24.10.2008

Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, kynnti ríkisstjórninni í dag tillögur um aðgerðir vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði til að sporna við vaxandi atvinnuleysi. Tillögurnar eru unnar af samráðshópi félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Forysta atvinnulífsins hefur hvatt fyrirtæki í tímabundnum rekstrarvanda til að lækka fremur starfshlutfall starfsmanna en að grípa til uppsagna sé það mögulegt. Tillögur samráðshópsins fjalla um tímabundnar aðgerðir sem miða að því að styðja við þessi tilmæli. Miðað er við að lengja það tímabil sem heimilt er að greiða tekjutengdar bætur til fólks í hlutastarfi. Þá er gert ráð fyrir aðgerðum sem koma í veg fyrir að laun fyrir hlutastarf sem fólk gegnir áfram skerði atvinnuleysisbætur. Helstu tillögur samráðshópsins eru þessar:

1. Sá tími sem heimilt er að greiða launamanni tekjutengdar atvinnuleysisbætur verði lengdur hlutfallslega í samræmi við lækkað starfshlutfall. Þannig geti launamaður sem hefur áunnið sér fullan rétt til atvinnuleysisbóta en lækkar úr 100% starfshlutfalli í 75% fengið greiddar tekjutengdar atvinnuleysisbætur í samtals tólf mánuði í stað þriggja mánaða áður.
2. Skerðing atvinnuleysisbóta vegna launagreiðslna frá vinnuveitanda fyrir hlutastarf verði felldar niður. Í þessu felst að launagreiðslur sem launamaður heldur fyrir 50% starfshlutfall eða hærra muni ekki skerða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur eins og verið hefur.
3. Greiðslur úr Ábyrgðasjóði launa verði miðaðar við tekjur launamanns samkvæmt því starfshlutfalli sem hann gegndi áður en til samdráttar kom í fyrirtækinu 1. október eða síðar og að bú atvinnurekanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta innan tólf mánaða frá þeim tíma sem starfshlutfall viðkomandi launamanns var lækkað.

Auk framangreindra tillagna sem kynntar voru ríkisstjórn í dag kynnti Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, tillögur um aðgerðir til að draga úr þeim áhrifum sem lækkað starfshlutfall hefdi við óbreyttar aðstæður á réttindi launafólks innan velferðarkerfisins þegar um er að ræða réttindi sem taka mið af atvinnuþátttöku. Þetta á einkum við um útreikninga á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslum á grundvelli III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Þess má vænta að frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóð launa í samræmi við tillögur samráðsnefndarinnar verði lagt fram fljótlega.